

**Ed.**

## **204. Frumvarp til laga**

um hækkun meðalmeðgjafar og tryggingabóta vegna gengisfalls íslenzkrar krónu.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

### **1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að hækka meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum eips og hún er ákveðin með auglýsingu atvinnumálaráðuneytisins frá 27. okt. 1937 í samræmi við aukinn framfærslukostnað á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 14. maí 1940.

### **2. gr.**

Slysa- og dánarbætur, ellilaun og örorkubætur samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, nr. 74 31. des. 1937, skulu hækka hlutfallslega við aukinn framfærslukostnað frá 1. júlí 1939 og aftur frá 1. jan. 1940. Skal miðað við yfirlit það um framfærslukostnað í Reykjavík, er nefnd sú, sem skipuð er samkvæmt 2. gr. laga um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, lætur gera. Ríkisstjórninni er heimilt að hækka framlög til alþýðutrygginga úr ríkissjóði árið 1939, til að standast þann kostnað, sem ákvæði þessara laga hafa í för með sér.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Þegar löggin um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi voru samþykkt, var það viðurkennt, að ekki yrði hjá því komizt að bæta þeim lægst launuðu að einhverju leyti upp það tap, sem þeir verða fyrir vegna aukins framfærslukostnaðar af völdum gengisskráningarinnar. Nú orkar ekki tvímælis, að þeir, sem eru allra verst settir, eru þeir, sem verða að lifa á opinberri aðstoð, og fátækar mæður, sem hafa fyrir börnum að sjá, en þessu fólki hafa engar bætur verið ætlaðar samkvæmt lögum um gengisskráningu o. fl. Úr þessu er frumv. þessu ætlað að bæta, og er því brýn nauðsyn, að það nái fram að ganga áður en þingi verður frestað. — Háværar kröfur hafa þegar borizt Alþingi um að gera þær ráðstafanir, sem hér er farið fram á, og má þar til nefna kröfu frá fundi stjórnenda 25 verkalýðsfélaga í Reykjavík og nágrenni, sem haldinn var annan í páskum, ennfremur frá ýmsum einstökum verkalýðsfélögum og frá Mæðrafélaginu í Reykjavík.